

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur
um vopnaeign og vopnaburð lögreglunnar.

Við vinnslu svars við fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir umsögn embættis ríkislög-
reglustjóra. Í umsögninni er gerður fyrirvari um nákvæmni svara vegna þess hversu langt
aftur í tímann fyrirspurnin nær. Þá er tekið fram að upplýsingar um vopnaeign lögreglu-
embættanna byggist á svörum þeirra til ríkislögreglustjóra.

Eftirfarandi eru svör embættis ríkislögreglustjóra við einstökum liðum fyrirspurnarinnar:

1. *Hve mörg skotvopn eru samtals í eigu lögreglunnar og hvernig skiptast þau skotvopn
eftir gerðum og stærðum (skammbyssur, riffjar, haglabyssur, sjálfvirk skotvopn o.þ.h.)
og lögregluembættum? Upplýsingar óskast um fjölda hvernar gerðar um sig hjá hverju
lögregluembætti og lögregludeildum, svo sem sérsveit lögreglunnar.*

Yfirlit um skotvopn lögreglu í töflu 1 hér á eftir tekur til allra skotvopna lögreglu. Vakin
er athygli á að um fleiri vopn er að ræða en í skýrslu um stöðu lögreglunnar frá 2012 sem
skýrist af því að þá voru ekki gefin upp vopn sem tekin hafa verið úr notkun. Hægt er að taka
þau flest í notkun á ný og hluti þeirra er notaður við margvíslega þjálfun. Fjárbyssur eru
einskota skammbyssur. Alls eru 590 skotvopn í eigu lögreglunnar og má sjá skiptingu þeirra
eftir tegundum í töflu 1.

**Tafla 1. Tegund og heildarfjöldi skotvopna
í eigu lögreglunnar.**

Tegund	Fjöldi
Fjárbyssur	53
Gasvopn	15
Haglabyssur	52
Hríðskotabyssur	72
Hríðskotariffjar	7
Hálfsjálfvirkir riffjar	18
Riffjar	21
Skammbyssur	352
Samtals	590

Tafla 2. Skipting skotvopna niður á einstök embætti.

Lögreglustjórinn á	Fjöldi
Vesturlandi	
Fjárbyssa	8
Skammbýssa	20
Haglabýssa	1
Samtals vopn	29

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	
	Fjöldi
Fjárbyssa	4
Haglabýssa	2
Rifill	1
Skammbýssa	14
Samtals vopn	21
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	
	Fjöldi
Fjárbyssa	2
Skammbýssa	6
Samtals vopn	8
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	
	Fjöldi
Fjárbyssa	8
Skammbýssa	26
Haglabýssa	4
Rifill	1
Samtals vopn	39
Lögreglustjórinn á Austurlandi	
	Fjöldi
Fjárbyssa	5
Skammbýssa	11
Samtals vopn	16
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	
	Fjöldi
Fjárbyssa	8
Skammbýssa	13
Haglabýssa	2
Rifill	2
Samtals vopn	25
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	
	Fjöldi
Fjárbyssa	1
Skammbýssa	4
Samtals vopn	5
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	
	Fjöldi
Fjárbyssa	4
Haglabýssa	6
Rifill	1
Skammbýssa	57
Hríðskotabyssa	2
Samtals vopn	70
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
	Fjöldi
Fjárbyssa	13
Skammbýssa	82
Haglabýssa	5

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	
	Fjöldi
Hríðskotabyssa	5
Hríðskotariffill	1
Hálfsjálfvirkur riffill	1
Riffill	1
Gasvopn	5
Samtals vopn	113
Lögreluskóli ríkisins	
	Fjöldi
Haglabysa	3
Riffill	2
Skammbysa	19
Samtals vopn	24
Ríkislögrelustjóri	
	Fjöldi
Skammbysa	100
Hríðskotabyssa	65
Haglabysa	29
Gasvopn	10
Hríðskotariffill	6
Riffill	13
Hálfsjálfvirkur riffill	17
Samtals vopn	240

2. *Hve margra skotvopna og hvaða skotvopna hefur verið aflað á undanförunum áratug að árinu 2014 meðtöldu? Í svarinu óskast fjöldi skotvopna tilgreindur fyrir hvert og eitt ár.*

Alls hafa verið keypt 145 skotvopn frá árinu 2004. Um er að ræða skammbyssur, hríðskotabyssur, riffila, hríðskotariffila, haglabyssur og gasbyssur. Sjá einnig nánar svar við 3. og 4. tölul. fyrirspurnarinnar.

Tafla 3. Fjöldi keyptra skotvopna eftir tegundum 2004–2014.

Ár	Fjöldi	Skotvopn
2004	11	Glock skammbyssur
2005	74	Glock skammbyssur
	14	MP5 hríðskotabyssur
	4	Blazer riffilar
2006	26	MP5 hríðskotabyssur
	3	Blazer riffilar
	6	G36 hríðskotariffilar
2008	2	MP5 hríðskotabyssur
2009	1	Mossberg riffill
2013	2	Remington haglabyssur
2014	2	Gasbyssur
Samtals	145	

3. Hvert er upprunaland þeirra skotvopna sem aflað hefur verið á undanförunum áratug? Í svarinu óskast tilgreint hversu mörg skotvopn bárust frá hverju landi um sig og hverrar gerðar þau voru.

Tafla 4. Upprunaland skotvopna, tegund og fjöldi.

Tegund	Upprunaland	Fjöldi
Glock 17	Austurríki	85
MP5 hríðskotabyssur	Þýskaland	42
BLAZER riffjar	Austurríki	7
HK G36 hríðskotariffjar	Þýskaland	6
Remington haglabyssur	Bandaríkin	2
Gasvopn	Austurríki	2
Mossberg riffill	Bandaríkin	1
Samtals		145

4. Hversu mörg þeirra skotvopna sem lögregla hefur aflað sér á undanförunum áratug hafa verið keypt og hvert var verð þeirra og hversu mörg þegin að gjöf og hvert var verðmæti þeirra? Í svarinu óskast tilgreindur fjöldi, verð, gerð og upprunaland skotvopnanna? Engin vopn sem lögregla hefur aflað sér á undanförunum áratug hafa verið þegin að gjöf.

Tafla 5. Gerð skotvopna, upprunaland, fjöldi og verð.

		2004		2005		2006		2008	
Tegund	Upprunaland	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð
Glock 17	Austurríki	11	853.501	74	3.553.666				
MP5 hríðskotabyssur	Þýskaland			14	2.160.797	26	4.271.072	2	358.460
BLAZER riffjar	Austurríki			4	2.031.531	3	1.513.896		
HK G36 hríðskotariffjar	Þýskaland					6	809.001		
Remington haglabyssur	Bandaríkin								
Gasvopn	Austurríki								
Mossberg riffill	Bandaríkin								
Samtals		11	853.501	92	7.745.994	35	6.593.969	2	358.460
		2009		2013		2014		Samtals	
Tegund	Upprunaland	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð	Fjöldi	Verð
Glock 17	Austurríki							85	4.407.167
MP5 hríðskotabyssur	Þýskaland							42	6.790.330
BLAZER riffjar	Austurríki							7	3.545.428
HK G36 hríðskotariffjar	Þýskaland							6	809.001
Remington haglabyssur	Bandaríkin			2	138.234			2	138.234
Gasvopn	Austurríki					2	572.280	2	572.280
Mossberg riffill	Bandaríkin	1	199.200					1	199.200
Samtals		1	199.200	2	138.234	2	572.280	145	16.461.638

5. *Hvaða aðili, innan lögreglu eða utan, leggur mat á þörf lögreglu fyrir skotvopn?*

Ríkislögreglustjóri leggur mat á þörf lögreglu fyrir skotvopn og er skýr heimild fyrir ríkislögreglustjóra að taka ákvörðun um vopnakaup samkvæmt reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna sem útgefnar voru af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1999.

Í reglunum er kveðið á um hvernig skotvopn lögreglu er heimilt að nota og að ríkislögreglustjóri ákveði hvernig gerðar vopn skuli vera. Stefnan hefur verið að fækka tegundum vopna þannig að einungis verði fáar tegundir viðurkenndar sem lögregluskotvopn um leið og úrelt vopn eru endurnýjuð.

6. *Í hve mörgum lögreglubifreiðum eru geymd skotvopn? Óskað er upplýsinga um fjölda og gerð skotvopna og undir hvaða lögregluembætti viðkomandi lögreglubifreiðar heyra.*

Samkvæmt ákvörðun viðkomandi lögreglustjóra eru vopn höfð í lögreglubifreiðum hjá embættunum á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Um er að ræða 19 Glock skammbyssur í 11 lögreglubifreiðum. Sérsvait ríkislögreglustjóra hefur fleiri tegundir af skotvopnum í ökutækjum sínum en misjafnt er í hve mörgum bifreiðum.

7. *Í hve mörgum lögreglustöðvum eru geymd skotvopn? Óskað er upplýsinga um fjölda og gerð skotvopnanna og undir hvaða lögregluembætti viðkomandi lögreglustöðvar heyra.*

Auk vopna sem eru hjá sérsvait ríkislögreglustjóra eru skotvopn á lögreglustöðvum í öllum lögregluumdæmum og alls á 36 stöðvum. Um fjölda og gerð skotvopnanna vísast til svars við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

8. *Hafa almennir lögreglumenn hlotið sérstaka þjálfun í beitingu sjálfvirkra skotvopna? Ef svo er, hver annast þessa þjálfun, hversu langan tíma tekur hún og hvernig er henni háttað í aðalatriðum?*

Til viðbótar við þá kynningu sem nemar í Lögregluskóla ríkisins fá varðandi MP5 byssur, sbr. svar við 9. tölul. fyrirspurnarinnar, þá hófst á síðasta ári aukin aðgerðar- og valdbeitingarþjálfun fyrir almenna lögreglumenn á vegum lögregluskólans í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Farið var yfir reglur um valdbeitingu sem og meðferð valdbeitingartækja og vopna. Haldin voru 8 námskeið sem stóðu í tvo daga, eða 20 klukkustundir hvert, og voru þátttakendur 225 lögreglumenn. Á námskeiðunum voru m.a. handtökuæfingar, sjálfsvörn, skotvopnaþjálfun o.fl. Auk þess voru haldnar til reynslu skotæfingar með MP5 byssur. Þjálfunin á námskeiðinu veitir ekki heimild til notkunar MP5 vopna. Á námskeiðinu voru vopnin eingöngu notuð sem hálf sjálfvirk vopn en ekki sem sjálfvirk vopn.

9. *Hvaða hæfnisskilyrði þurfa almennir lögreglumenn að uppfylla til að hafa heimild til að beita skotvopnum við störf sín, greint eftir gerð skotvopna?*

Lögreglumenn þurfa að hafa hlotið tilskilda þjálfun og standast skotpróf árlega og í framhaldi af því tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvaða lögreglumenn hann samþykkir að heimilt sé að vopna.

Í námi við Lögregluskóla ríkisins hljóta nemendur í grunnnámi sömu fræðslu og þjálfun og almennir borgarar fá á skotvopnanámskeiði fyrir A-skotvopnaréttindi, sem haldin eru á vegum Umhverfisstofnunar. Við verklega fræðslu eru uppfyllt skilyrði 27. gr. a reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn, skotfæri o.fl.

Markmið með þessari þjálfun er að nemendur geti meðhöndlað af öryggi algengustu tegundir skotvopna og kunnir skil á löggjöf um skotvopn og skotfæri. Þá hafa lögreglumenn fengið kennslu í öllum helstu gildandi lögum og reglum tengdum skotvopnum og veiðum.

Lögreglumenn sem útskrifast úr lögregluskólanum fá skotvopnaleyfi til að nota haglabyssur og riffla. Hæfisskilyrði til þess að nota slík vopn felast í almennu skotvopnanámskeiði fyrir A-skotvopnaréttindi, sbr. hér að framan, sem allir lögreglumenn ljúka í lögregluskólanum, auk þeirrar menntunar sem nemendur fá um reglur um valdbeitingu lögreglumanna sem útgefnar voru af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1999.

Einnig fá nemendur fræðslu og þjálfun á Glock 17 skammbyssu og notast er við notkunarleiðbeiningar sem útgefnar eru af lögregluskólanum. Í verklega hluta þessarar þjálfunar eru nemendur þjálfaðir í að nota vopnið. Við þjálfunina fá nemendur reynslu í meðhöndlun á skammbyssu og öruggri meðferð vopnsins og þekkja virkni þess, auk þess sem þjálfun grundvallast á reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna sem útgefnar voru af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1999. Markmið kennslunnar er að nemendur kunnir að meðhöndla og geti í neyð beitt Glock 17 skammbyssu. Eingöngu er heimilt að vopna með skammbyssu þá lögreglumenn sem lögreglustjóri hefur samþykkt að uppfylltum skilyrðum um árlega framhaldsþjálfun.

Auk þessa hafa nemendur fengið kynningu á MP5 sjálfvirkri byssu og skotið úr henni svo þeir kunnir á virkni byssunnar og geti tryggt hana örugglega ef nauðsyn krefur. Þessi þjálfun veitir ekki lögreglustjóra heimild til að samþykkja að viðkomandi sé vopnaður með því vopni.

Þessu til viðbótar sóttu nemandur í grunnnáminu 2014 einnig tveggja daga valdbeitingarnámskeið sem almennir lögreglumenn sóttu haustið 2014 á vegum lögregluskólans og ríkislögreglustjóra.

Framhaldsdeild Lögregluskóla ríkisins annast þjálfun svonefndra skotstjóra sem bera ábyrgð á árlegri skotvopnaþjálfun í umdæmunum. Því til viðbótar hefur sérsveit verið með viðbótarþjálfun hjá lögregluliðunum. Lögreglumenn þurfa að standast skotpróf árlega til þess að lögreglustjóra sé heimilt að samþykkja að þeir beri vopn.

10. Hvernig hefur fjöldi sjálfvirkra skotvopna í eigu lögreglunnar þróast frá útgáfu skýrslu innanríkisráðuneytisins um stöðu lögreglunnar árið 2012? Upplýsingar óskast um fjölda sjálfvirkra skotvopna í eigu lögreglu á árunum 2012–2014 og skiptingu þeirra milli lögregluembættu á þessum árum.

Engin sjálfvirk vopn hafa verið keypt eftir útgáfu skýrslu um stöðu lögreglunnar frá 2012. Fjöldi sjálfvirkra skotvopna í notkun er sá sami og hann var árið 2012. Auk þessara vopna eru til eldri sjálfvirk vopn sem hafa verið tekin úr notkun. Flest þeirra er hægt að taka í notkun aftur.

11. Hvaða stefnu er fylgt í ákvarðanatöku um vistun og varðveislu skotvopna við lögregluembætti landsins?

Um geymslu og afhendingu skotvopna gilda ákvæði 19. gr. í reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna sem útgefnar voru af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1999. Ákvörðun um hvar vopn eru geymd er í höndum hvers lögreglustjóra.

12. Er við ákvörðun um það hvar skotvopn lögreglu skuli vistuð fylgt niðurstöðum þarfagreiningar, áhættumats eða annars formlegs mats á þörf fyrir slík vopn?

Einstakir lögreglustjórar meta þörfina á staðsetningu vopna sem tekur mið af forgangstíma við neyðarútköll, auk þess sem byggt er á hættumötum greiningardeildar, þarfagreiningu ríkislögreglustjóra, sbr. svar við 5. tölul. fyrirspurnarinnar, og áhættugreiningu á viðbúnaðargetu lögreglunnar sem unnin var af ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluembættin árin 2013 og 2014.

13. Með hvaða hætti er skotvopnum lögreglu fargað? Er í gildi verklagsáætlun um þetta eða önnur fyrirmæli og er haldin skrá um förguð skotvopn þannig að afdrif þeirra séu ljós?

Ekki hefur farið fram förgun á vopnum í eigu lögreglu umrædd ár.

Samkvæmt niðurlagi 37. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri ákvarði hvernig geymslu og ráðstöfun þeirra vopna er háttað sem haldlögð eru vegna afturköllunar leyfis eða gerð eru upptæk. Í ákvörðun ríkislögreglustjóra, dags. 30. nóvember 2005, sem byggist á nefndri lagagrein og lýtur einnig að skotvopnum í eigu lögreglu, er kveðið á um að eyðing vopna skuli framkvæmd í samræmi við III. kafla reglna ríkislögreglustjóra um haldlagningu og meðferð sönnunargagna, dags. 15. október 1999, þar sem m.a. er áskilið að eyðing fari fram á sannanlegan hátt hjá viðurkenndum aðila, t.d. sorpeyðingarstöð, og að gerð sé skýrsla um eyðinguna sem varðveitt verði í skjalasafni viðkomandi embættis.

Förgun á vopnum sem framkvæmd hefur verið af lögreglu hér á landi hefur falið í sér að þau vopn hafa verið sett í þar til gerða málmpressu og þess gætt að þau hafi verið gerð með öllu ónothæf við slíka förgun.

Auk þess seldi lögreglustjórinn í Reykjavík 119 skotvopn úr landi árið 2006. Um var að ræða 53 skammbyssur, 22 hríðskotabyssur, 18 hríðskotariffla, 11 hálfsjálfvirka riffla, 10 gasbyssur og 5 blybyssur. Þá seldi ríkislögreglustjóri 2 boltalás riffla í gegnum Ríkiskaup 2004. Slík vopn er almenningi heimilt að kaupa.